

Yfirkjörstjórn í Norðurþingi

Fundur í Yfirkjörstjórn Norðurþings, haldinn í Stjórnsýsluhúsi Norðurþings, miðvikudaginn 10. júní 2020, kl. 16:00.

Fundarmenn: Ágúst Sigurður Óskarsson, Hallgrímur Jónsson og Hermína Hreiðarsdóttir. Gengið var til auglýstrar dagskrár og eftirfarandi ákveðið og bókað.

1. Stjórn skiptir með sér verkum.

Ágúst formaður, Hallgrímur varaformaður og Hermína ritari.

2. Tilkynning um Forsetakosningar 27.06.2020.

Dómsmálaráðuneytið hefur boðið til Forsetakosninga 27.06.2020. Tvö framboð hafa borist, frá Guðmundi Franklín Jónssyni og Guðna Th. Jóhannessyni.

3. Skipulag Forsetakosninga í Norðurþingi.

Undirbúningur kosninganna í Norðurþingi er hafinn. Kjörstaðir, opnunartími og framkvæmd verður með sama hætti og síðustu kosningum. Kjördeildir eru þær sömu og opnunartími hinn sami, skv. eftirfarandi:

Kjördeild 1 – Húsavík, Borgarhólsskóla, opnunartími 10:00-22:00.

Kjördeild 2 – Húsavík, Borgarhólsskóla, opnunartími 10:00-22:00.

Kjördeild 3 – Kelduhverfi, Skúlagarður, opnunartími 10:00-18:00.

Kjördeild 4 – Öxarfjörður, Skólahúsið Kópaskeri, opnunartími 10:00-18:00.

Kjördeild 5 – Raufarhöfn, Ráðhúsið, opnunartími 10:00-18:00.

Annar undirbúningur er einnig farinn af stað, s.s. boðun í kjördeildar, ráðning starfsmanna og önnur tilheyrandi verkefni.

4. Auglýsingar og kynningar.

Auglýsingar og kynningar að miklu leyti á vegum Dómsmálaráðuneytisins og kjörstjórna. Í Norðurþingi verður auglýsing í Skránni, kynning á heimasíðu Norðurþings og Facebooksíðu Norðurþings.

5. Sérstakar ráðstafanir í kosningum 2020.

Vegna Covid19 veirufaraldurs og sértökum aðgerðum stjórnvalda, Landslæknis, Sóttvarnalæknis og Norðurþings um það efni, verður viðhafðar sérstakar varúðarráðstafanir á kjörstöðum Norðurþings. Fylgt verður settum reglum um þetta efni og fylgt leiðbeiningum þessara aðila og kjörstjórna við framkvæmd kosninganna. Útvega þarf efni, ganga frá tilheyrandi merkingum og ákveða vinnuferla á kjörstöðum.

6. Verkefni og undirbúningur fram að kosningum.

Farið var yfir nauðsynleg verkefni fram að kjördag og verkefnum skipt milli fundarmanna. Huga þarf að kjörstöðum (uppsetning og samskiptabúnaði), boðun kjörstjórna og starfsmanna, samskiptum við Sýslumann vegna utankjörfundaratkvæða, dreifingu kjörgagna fyrir kjördag og samskiptum við Yfirkjörstjórn Norðausturkjördæmis (söfnun og talning atkvæða).

7. Önnur mál.

Næsti fundur er boðaður föstudaginn 26.06.2020 kl. 15:00 (og fyrr ef þurfa þykir).

Ágúst Sigurður Óskarsson, form.
Hallgrímur Jónsson, varaform.

Hermína Hreiðarsdóttir, ritari